

Alþingi,
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sent með tölvupósti á nefndasvid@althingi.is

Norðurlandi vestra 22. maí 2020

Efni: Umsögn um frumvarp um átak í fráveitumálum, 776. mál.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis óskaði eftir umsögn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) um frumvarp um átak í fráveitumálum með tölvupósti dags. 12. maí 2020.

Stjórn SSNV tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um mikilvægi þess að frumvarpið nái fram að ganga. Ekki leikur vafi á því að stuðningur ríkisins mun leiða til þess að fleiri sveitarfélög geti ráðist í fráveituf framkvæmdir. Um er að ræða mikilvægt umhverfismál sem víða er orðið mjög aðkallandi. Jafnframt er tímasetningin nú góð þar sem framkvæmdir af þessum toga geta vegið á mótí auknu atvinnuleysi vegna áhrifa Covid-19.

Ljóst er að fjárfestingar sveitarfélaga í fráveitum á næstu árum munu verða miklar. Stjórn SSNV vill leggja áherslu á að þessu mikilvæga verkefni verði tryggt nægilegt fjármagn í fjármálaáætlun á næstu árum.

F. h. stjórnar SSNV



Unnur Valborg Hilmarsdóttir,
framkvæmdastjóri.